



Umhverfis- og skipulagsráð

**Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Kringlumýrarbraut**

Á fundi íbúaráðs Háaleitis og Bústaða þann 23. maí 2023 var lögð fram meðfylgjandi tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, ásamt greinargerð, um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Kringlumýrarbraut, sbr. 2. lið fundargerðar ráðsins sama dag.

Tillagan var samþykkt.

Með hliðsjón af samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar er tillögunni hér með vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

Virðingarfyllt,  
Eiríkur Búi Halldórsson  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt: Tillaga og greinargerð



## TILLAGA

---

### ***Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Kringlumýrarbraut:***

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til Umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði örugg tenging fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Kringlumýrarbraut. Hugmynd þess efnis hefur endurtekið hlotið miklar undirtektir íbúa í verkefninu Hverfið mitt en ekki hlotið þar brautargengi vegna stærðar og tæknilegra annmarka innan ramma verkefnisins.

Greinagerð:

Betri og öruggari tenging frá Háaleitishverfinu yfir í Hlíðahverfi yrði mikil bót fyrir íbúa hverfanna og myndi án efa auka notkun virkra ferðamáta á svæðinu. Lagt er til að slík tenging yrði staðsett miðja veginni milli gatnamóta Kringlumýrarbrautar annarsvegar við Miklubraut og hinsvegar Háaleitisbraut. Mætti horfa til þess að þverunin yrði staðsett með þeim hætti við hana yrði staðsett Borgarlínustöð þegar fram í sækni, en ráðgert er að stofnleið D muni aka Kringlumýrarbraut samkvæmt leiðaneti Borgarlínunnar.

Tillagan er byggð á vinsælli hugmynd úr verkefninu Hverfið mitt sem ekki hlaut brautargengi á kjörskrá m.a. vegna stærðar, kostnaðar og/eða tæknilegs flækjustigs. Hægt er að skoða umræddar hugmyndir hér -> <https://hverfidmitt-2020-2021.betriereykjavik.is/group/22789>.